Reykjavíkurborg

Reykjavík, 5. apríl 2022
MSS22040058

Borgarráð

Skilabréf stýrihóps um forgangsröðun viðbygginga fyrir skóla- og frístundastarf

Hjálagt skilabréf stýrihóps um forgangsröðun viðbygginga fyrir skóla- og frístundastarf, dags. 4. apríl 2022, er lagt fram til kynningar. Stýrihópurinn leggur til að forgangsröðunin verði höfð til hliðsjónar við gerð fjárfestingaráætlunar borgarinnar, líkt og farsælt fordæmi er fyrir varðandi forgangsröðun íþróttamannvirkja.

Verkefnin sem snúa að Laugardal raðast mjög ofarlega í lokaforgangsröðin hópsins. Það sýnir þörfina á því að ljúka sem fyrst vinnu vegna ólíkra sviðsmynda fyrir framtíðarskólahald í hverfinu og ráðast í kjölfarið í nauðsynlegar viðbyggingar og endurbætur. Þá staðfestir forgangsröðunin að brýnt er að ráðast í vinnu við heildarendurbætur á Hagaskóla bæði vegna ástands húsnæðisins og út af langtímahorfum varðandi nemendafjölda í hverfinu. Út frá forgangsröðuninni er einnig lögð áhersla á að halda áfram vinnu vegna viðbygginga við Réttarholtsskóla og Melaskóla. Þessi verkefni eru í fyrsta forgangi að mati hins þverpólitíska stýrihóps, byggt á greiningu hans.

Þá sýndi forgangsröðunin þörfina á að ráðast í endurbætur vegna Seljaskóla, Ölduselsskóla, Norðlingaskóla, Breiðholtsskóla, Árbæjarskóla og Breiðagerðisskóla auk þess að leysa úr húsnæðismálum skóla í nágrenni miðborgarinnar, þ.e. Austurbæjarskóla, Háteigs- og Hlíðaskóla. Þessi verkefni eru í öðrum forgangi að mati stýrihópsins, byggt á greiningum hans.

Gert er ráð fyrir að unnið verði að undirbúningi verkefna í aðdraganda endurskoðunar fjárfestingaráætlunar borgarinnar, skv. nánari ákvörðunum varðandi einstaka skóla.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Skilabréf stýrihóps um forgangsröðun viðbygginga fyrir skóla- og frístundastarf, dags. 4. apríl 2022.

Forgangsröðun viðbygginga fyrir skóla- og frístundastarf, niðurstöður, dags. 4. apríl 2022.

4. apríl 2022

Skilabréf stýrihóps um forgangsröðun viðbygginga fyrir skóla og frístundastarf

Störf hópsins

Í hópnum sátu: Pawel Bartoszek, formaður, Skúli Helgason og Örn Þórðarson.

Með hópnum störfuðu: Jón Valgeir Björnsson, eignaskrifstofu, Gréta Þórsdóttir Björnsson, USK og Daníel Benediktsson, SFS.

Stýrihópurinn fundaði 7 sinnum á tímabilinu 25. nóvember – 4. apríl. Stýrihópurinn hélt samráðsfundi með skóla- og frístundaráði, skólastjórnendum, fulltrúa skrifstofu framkvæmda og viðhalds.

Ráðgjafar vegna verkefnisins voru Intellecta ehf.

Forsendur

Stýrihópurinn fékk það starf að forgangsraða framkvæmdum vegna bygginga og meiriháttar endurbóta vegna skóla og frístundahúsnæðis líkt og fjallað er um í erindisbréfi hópsins.

Út frá erindisbréfinu er rétt að taka fram að stýrihópurinn **forgangsraðaði ekki** verkefnum sem fyrst og fremst teljast til viðhalds og að verkefnunum fylgdu ekki viðbyggingar eða meiriháttar endurbætur. Þá voru verkefni er snúa að brúun bilsins og uppbyggingu leikskóla sem forgangsröðuð og tímasett hafa verið annars staðar ekki tekin með. Sama gildir um tillögur að nýjum skólum eða starfsstöðvum, þar með talið nýjum skólum í Skerjafirði, Vogabyggð eða Ártúnshöfða og nýju skólahúsnæði undir sjálfstætt rekinn skóla í Öskjuhlíð.

Loks tók stýrihópurinn út fyrir sviga verkefni sem þegar hafði verið ákveðið að ráðast í (eins og endurbætur á Fossvogsskóla).

Í einhverjum tilfellum eru uppi nokkrar sviðsmyndir varðandi fyrirkomulag skólahalds á hverjum stað. Á þetta til dæmis við í Laugardal og í Miðborg og Hlíðum. Líkanið tekur ekki afstöðu til þeirra á þessu stigi en útkoman úr líkaninu lýsir þörf á að ráðast í aðgerðir sem leysa húsnæðisþörf skóla á hverri starfsstöð. Rétt er þó að taka fram að í mörgum tilfellum getur verið hægt að leysa húsnæðisþörf með viðbyggingum annars staðar.

Niðurstöður

Verkefni sem snúa að Laugardal raðast mjög ofarlega í lokaforgangsröðun hópsins. Það sýnir þörfina á því að ljúka sem fyrst vinnu vegna ólíkra sviðsmynda fyrir framtíðarskólahald í hverfinu og ráðast í kjölfarið í nauðsynlegar viðbyggingar og endurbætur.

Þá staðfestir forgangsröðunin að brýnt er að ráðast í vinnu við heildarendurbætur á Hagaskóla bæði sökum ástands húsnæðis og út af langtímahorfum varðandi nemendafjölda í hverfinu.

4. apríl 2022

Út frá forgangsröðun er lögð áhersla á að ráðast í eða halda áfram vinnu vegna viðbygginga við Réttarholtsskóla og Melaskóla. Þessi verkefni eru í fyrsta forgangi að mati stýrihópsins.

Þá sýndi forgangsröðunin þörfina á að ráðast í endurbætur vegna Seljaskóla, Ölduselskóla, Norðlingaskóla, Breiðholtsskóla, Árbæjarskóla og Breiðagerðisskóla, auk þess að leysa úr húsnæðismálum skóla í Miðborg og Hlíðum (Austurbæjar-, Háteigs- og Hlíðaskóla), þar sem ólíkar sviðsmyndir eru uppi. Þessi verkefni eru í öðrum forgangi að mati stýrihópsins.

Endanleg forgangsröðun er því sem hér segir:

Verkefni	**Forgangur**
Laugardalur (Laugarnes-, Langholts- og Laugarlækjaskóli)	Fyrsti forgangur
Hagaskóli	Fyrsti forgangur
Réttarholtsskóli	Fyrsti forgangur
Melaskóli	Fyrsti forgangur
Seljaskóli	Annar forgangur
Miðborg og Hlíðar (Austurbæjar-, Háteigs- og Hlíðaskóli)	Annar forgangur
Ölduselsskóli	Annar forgangur
Norðlingaskóli	Annar forgangur
Breiðholtsskóli	Annar forgangur
Árbæjarskóli	Annar forgangur
Breiðagerðisskóli	Annar forgangur

Önnur verkefni, til að mynda Rimaskóli, Sæmundarskóli, Ingunnarskóli, Fellaskóli, Dalsskóli, Borgarskóli og Víkurskóli, koma áfram til álita enda kunna þau að raðast ofar í framtíðarforgangsröðun eftir því sem aðstæður breytast eða betri upplýsingar liggja fyrir.

Hópurinn leggur jafnframt áherslu á að sóknarfæri eru víða í samþættingu húsnæðis.

Stýrihópurinn leggur til að þessi forgangsröðun verði höfð til hliðsjónar við gerð fjárfestingaráætlunar.

Að öðru leyti er vísað er til lokaskýrslu varðandi niðurstöður stýrihópsins.

Reykjavík 4. apríl 2022.

Pawel Bartoszek, formaður

Skúli Helgason

Örn Þórðarson

intellecta
ráðgjöf | ráðningar | rannsóknir

Forgangsröðun viðbygginga fyrir skóla- og frístundastarf

Reykjavík, 4.apríl 2022

Niðurstöður

Yfirlit

1. Erindisbréf vinnuhóps 3

2. „Infrastructure Prioritization Framework“ – aðferðafræðin 4

3. Líkan um forgangsröðun 6

4. Niðurstöður forgangsröðunar 12

5. Viðauki – Lykilstærðir í líkan 15
   - Félagsleg og fjárhagsleg stig skóla
   - Nemendafjöldi, þolmörk og langtímastærð
   - Mat á viðbótarstærð og endurnýjaðri stærð
   - Heildarstaða viðhalds skóla
   - Innbyrðis röðun skóla eftir félagslegum þáttum

ERINDISBRÉF

Stýrihópur um forgangsröðun viðbygginga fyrir skóla- og frístundastarf

Ábyrgðarmaður:
Borgarstjóri.

Inngangur:

Í tengslum við fjárfestingaráætlun Reykjavíkurborgar til 2030 og átak í viðhaldi skóla- og frístundahúsnæðis er nauðsynlegt að forgangsraða framkvæmdum vegna viðbygginga og meiriháttar endurbóta. Til hliðsjónar verði höfð ný stefna um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf sem lögð er fyrir borgarráð 4. nóvember 2021.

Skipaður verður stýrihópur sem heldur utan um forgangsröðunina.

Markmið/hlutverk:

- Að mótuð verði skýr forgangsröðun í uppbyggingu skóla- og frístundamannvirkja.
- Að forgangsröðun taki mið af greiningu á valkostum og áhættumati þeirra. Langtímamarkmið um sjálfbærni í fjárfestingum og rekstri verði höfð að leiðarljósi.
- Húsnæði og aðstaða til skóla- og frístundastarfs veiti fullnægjandi umgjörð um metnaðarfullt innra starf og stuðli að þátttöku, heilbrigði, öryggi og vellíðan barna og starfsfólks.
- Áhersla sé á algilda hönnun, sveigjanleika og fjölbreytta notkun mannvirkja.
- Að hugað verði að hagkvæmum rekstri til skemmri og lengri tíma.

Verkefni:

Stýrihópurinn fari yfir þau fjölmörgu verkefni sem liggja fyrir um uppbyggingu skóla- og frístundamannvirkja á næstu árum. Hópurinn veiti umsögn um forgangsröðun þeirra til undirbúnings fjárfestingaráætlunar til næstu tíu ára með hliðsjón af forgangsröðunarviðmiðum.
Vinnu hópsins verði áfangaskipt. Í fyrri áfanga verði gerð tillaga til borgarráðs um viðmið vegna forgangsröðunar viðbygginga og meiriháttar endurbóta skólahúsnæðis.
Þau taki meðal annars mið af vægi ólíkra þátta, s.s.:

<u>Núverandi húsnæði, félagslegir og lýðfræðilegir þættir</u>

- Fjöldi nemenda og starfsfólks, nemendaspár og núverandi rýmisnotkun
- Aldur og ástand húsnæðis
- Nýting mannvirkja yfir árið, innan og utan skólatíma
- Jafnrétti/jafnræði
- Aðgengismál
- Samræmi við stefnu og viðmið Reykjavíkur um skóla- og frístundahúsnæði

<u>Fjárhagslegir þættir</u>

- Árlegur kostnaður
- Fjárfesting
- Leiga á viðbótarhúsnæði í nágrenni, í húsnæði borgarinnar eða þriðja aðila
- Viðbótar rekstrarkostnaður
- Viðbótar leigukostnaður
- Viðhaldskostnaður

Í seinni áfanganum skili stýrihópurinn umsögn um forgangsröðun viðbygginga og meiriháttar endurbóta.

R21110024

Stefna um skóla og frístundahúsnæði:

Skóla- og frístundasvið og umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur hafa sett fram drög að viðmiðum fyrir nýbyggingar, viðbyggingar og breytingar á húsnæði fyrir leikskóla, grunnskóla, frístundaheimili, félagsmiðstöðvar og skólahljómsveitir. Í viðmiðunum er að finna nánari leiðsögn til hönnuða um einstök rými, tengsl, stærð, efnisval, búnað ofl. Þessi viðmið eru í umsagnarferli.

Stefna Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf markast af þremur grundvallarþáttum sem fanga meginmarkmið og áherslur menntastefnu borgarinnar.
Hver þáttur felur í sér áherslur um gæði umhverfis og allra mannvirkja, jafnt í byggingum sem og umhverfi þerira sem og framtíðarsýn þeirri er birtist í Græna planinu.

1. *Menntastefnan og mannvirkin* - Hér er horft til þeirrar umgjarðar sem skapa þarf í húsnæði skóla- og frístundastarfs til að hlúa að grundvallarþáttum menntastefnunnar. Þar er barnið í öndvegi og þeir fimm hæfniþættir sem mynda kjölfestu menntastefnunnar og ólíkum þörfum barna og starfsfólks er mætt í umhverfinu að teknu tilliti til jafnréttis- og margbreytileikasjónarmiða.
2. *Bygging, umhverfi og samfélag* - Þessi grunnþáttur hverfist um arkitektúr og rýmisgildi byggingarinnar, þ.e. hvernig einstakir byggingarhlutar tengjast og tryggja sveigjanleika og fjölbreytni í notkun og rekstri. Samhliða er lögð áhersla á að byggingin skapi samfellu við umhverfi og samfélag.
3. *Ábyrg hönnun* - Græna planið er framtíðarsýn fyrir borgina og áætlun um græna endurreisn samfélagsins til framtíðar. Umhverfis-, fjárhags- og félagsleg sjálfbærni verður leiðarljós í ákvörðunum um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf.

Í síðari áfanga verði veitt umsögn um fyrirliggjandi óskir um viðbyggingar og meiriháttar endurbótaverkefni og forgangsröðun þeirra. Niðurstöðurnar verði nýttar til útfærslu á og forgangsröðun innan fjárfestingaáætlunar til 2030.

Hópinn skipa:
Pawel Bartoszek (formaður), Skúli Helgason og Örn Þórðarson.

Með hópnum starfa:
Jón Valgeir Björnsson, fulltrúi eignaskrifsstofu.
Gréta Þórsdóttir Björnsson, fulltrúi umhverfis- og skipulagssviðs.
Daníel Benediktsson, fulltrúi skóla- og frístundasviðs.

Til ráðgjafar og samstarfs:
Stýrihópurinn hefur heimild til aðkeyptrar ráðgjafar í samræmi við innkaupareglur Reykjavíkurborgar.
Stýrihópurinn leiti ráðgjafar hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu.

Starfstímabil:
Í fyrri áfanga skili stýrihópurinn umsögn um forgangsröðun fjárfestinga og framkvæmda sbr. framangreint fyrir 15. apríl 2022.

Reykjavík, 10. nóvember 2021

Dagur B. Eggertsson

„Infrastructure Prioritization Framework" - aðferðafræðin

„Infrastructure Prioritization Framework“

- Opinberir aðila þurfa að taka ákvörðun um hvernig á að úthluta takmörkuðu fjármagni til innviðauppbyggingar
- „Infrastructure Prioritization Framework“ (IPF) er aðferðafræði sem þróuð er af World Bank til að takast á við það vandamál
- Aðferðafræðin byggir á tveimur víddum, félagslegri vídd og fjárhagslegri vídd
- Fundnir eru mælikvarðar sem mæla félagslega þætti og fjárhagslega þætti
- Öll verkefnin eru metin á sambærilegan hátt út frá félagslegum þáttum og fjárhagslegum þáttum og þau verkefni sem koma best út með tilliti til beggja þátta miðað við innbyrðis vægi þeirra er forgangsraðað hæst

Dæmi:



Fjármagn til ráðstöfunar til að klára verkefni V1, V2, V3, V4, V5 ef allt fjármag er útdeild út frá félagslegu þáttum



Fjármagn til ráðstöfunar til að klára verkefni V9, V12, V8, V4 ef allt fjármagn er útdeild út frá fjárhagslegum þáttum

Vægi félagslegra þátta: x%

Vægi fjárhagslegra þátta: y%

Forgangsröðun:

- Verkefni 1
- Verkefni 9
- Verkefni 2
- Verkefni 3
- Verkefnið 12
- Verkefni 8
- Verkefni 4
- Verkefni 5
- Verkefni 6
- …..

Líkan um forgangsröðun

Forgangsröðunarlíkanið snýst um viðbyggingar og endurnýjun á skólahúsnæði, það afmarkar hvaða skólar eru teknir með í líkanið

- Líkanið snýr að viðbyggingum og endurnýjun skólahúsnæðis. Það ber saman stöðu skólanna með tilliti til ástands þeirra, stærðar í dag, fyrirsjáanlegs nemendafjölda í framtíðinni og tekur tillit til stefnu SFS varðandi skólabyggingar.
- Verkefni sem komin eru af stað eins og Fossvogsskóli eru ekki tekin með í líkanið.
- Skólar eins og Vörðuskóli sem ekki er með starfsemi, en er hluti af lausnasviðsmyndum tengt öðrum skólum, er ekki tekinn með þar sem líkanið er ekki sett upp til að greina á milli lausnasviðsmynda.
- Á sama tíma og forgangsröðun á sér stað varðandi viðbyggingar og endurnýjun, er í gangi átaksverkefni í viðhaldsmálum, sem skarast að hluta til við forgangsröðunarverkefnið. Það átak þarf að samhæfa við viðbygginga- og endurnýjunarverkefni sem hljóta brautargengi í þessar forgangsröðun. Þar fyrir utan er unnið að viðhaldi á skólum óháð þessari forgangsröðun.
- Brúum bilið í leikskólamálum og nýbyggingaverkefni skarast ekki, þar sem ekki er tekið tillit til leikskóla né skólanýbygginga í forgangsröðunarlíkaninu.



Skólar sem teknir eru með í forgangsröðunarlíkanið:

- Austurbæjarskóli
- Árbæjarskóli
- Borgarskóli
- Breiðagerðisskóli
- Breiðholtsskóli
- Dalskóli
- Fellaskóli
- Hagaskóli
- Háteigsskóli
- Hlíðaskóli
- Ingunnarskóli
- Langholtsskóli
- Laugalækjarskóli
- Laugarnesskóli
- Melaskóli
- Norðlingaskóli
- Réttarholtsskóli
- Rimaskóli
- Seljaskóli
- Sæmundarskóli
- Víkurskóli
- Ölduselsskóli

Verkefnin sem metin eru í líkaninu er komin mislangt á veg, en til að gæta samræmis milli skóla eru þau öll borin saman á frummatsstigi

- Viðbygginga- og endurbótaverkefni sem fjallað er um í þessari skýrslu er mislangt á veg komin.
- Því er notast við frummat fyrir öll verkefni til að gæta jafnræðis milli verkefna.
- Umfang viðbygginga og endurbóta er frummat byggt áætlaðri framtíðarþörf og núverandi stærð og ástandi húsnæðis
- Tölur í þessari skýrslu geta því verið breytilegar frá áætluðu umfangi í verkefnum þar sem þegar hefur verið unnin þarfagreining.
- Næsta stig, til að minnka óvissu, væri að vinna þarfagreiningu og húsrýmisáætlun út frá teikningum, skoðun á staðnum og samtali og samráði við notendur og hagsmunaaðila. Að því loknu væri farið í hönnunarferli þar sem óvissa um stærðir eru lágmarkaðar og endanlegar ákvarðanir teknar fyrir framkvæmdir.



Líkanið byggist á félagslegum og fjárhagslegum mælikvörðum



Fjárhagslegar forsendur eru teknar saman í mælikvarðann „árlegur kostnaður/nemanda“ hjá hverjum skóla við viðbyggingu og endurnýjun húsnæðis



FJÁRHAGSLEGAR FORSENDUR

- Árlegur kostnaður / nemenda

Tekjur

- Áætlaðar tekjur
  - Einskiptistekjur vegna sölu eigna
  - Lækkaður kostnaður vegna losun færanlegra skólaeininga

Kostnaður

- Kostnaður við áætlaða viðbyggingu
  - Stofnkostnaður viðbyggingar
- Kostnaður við áætlaða endurnýjun
  - Endurnýjunarkostnaður við núverandi byggingar
- Aukinn viðhaldskostnaður
  - Aukið viðhald fylgir stærra húsnæði (viðbygging)
- Lækkaður leigukostnaður
  - Lækkun kostnaðar vegna húsnæðis sem ekki er leigt eftir að byggt hefur verið við skóla

Félagslegar forsendur eru teknar saman í „veginn félagslegan stuðul" fyrir hvern skóla

- Ástandsstuðull – viðhald
- Hönnun húsnæðis (nútímalegt – eldri hönnun)
- Aðgengi (algild hönnun, ókyngreind salerni)
- Notkun færanlegra skólaeininga - óhagræði
- Salernismál (nemendur og starfsmenn)



Niðurstöður forgangsröðunar

Niðurstaða forgangsröðunar út frá þeirri forsendu að félagslegir þættir vega 75% og fjárhagslegir þættir 25%



Niðurstaða úr forgangsröðun er skipt í fyrsta og annan forgang

Vægi:
75% félagslegir þættir
25% fjárhagslegir þættir

		Stig
Fyrsti forgangur	1 Laugarnesskóli	79,6
	2 Langholtsskóli	75,1
	3 Hagaskóli	72,6
	4 Réttarholtsskóli	69,0
	5 Melaskóli	68,3
	6 Laugalækjarskóli	66,5
Annar forgangur	7 Seljaskóli	64,6
	8 Austurbæjarskóli	63,1
	9 Ölduselsskóli	61,8
	10 Norðlingaskóli	61,4
	11 Breiðholtsskóli	60,0
	12 Háteigsskóli	59,5
	13 Árbæjarskóli	58,7
	14 Breiðagerðisskóli	58,4
	15 Hlíðaskóli	55,7
	16 Rimaskóli	47,7
	17 Sæmundarskóli	47,4
	18 Ingunnarskóli	47,1
	19 Fellaskóli	41,3
	20 Dalskóli	40,3
	21 Borgarskóli	38,1
	22 Víkurskóli	23,5

- Verkefni sem snúa að Laugardal raðast mjög ofarlega í lokaforgangsröðun hópsins. Það sýnir þörfina á því að ljúka sem fyrst vinnu vegna ólíkra sviðsmynda fyrir framtíðarskólahald í hverfinu og ráðast í kjölfarið í nauðsynlegar viðbyggingar og endurbætur.

- Þá staðfestir forgangsröðunin að brýnt er að ráðast í vinnu við heildarendurbætur á Hagaskóla bæði sökum ástands húsnæðis og út af langtímahorfum varðandi nemendafjölda í hverfinu.

- Út frá forgangsröðun er lögð áhersla á að ráðast í eða halda áfram vinnu vegna viðbygginga við Réttarholtsskóla og Melaskóla. Þessi verkefni eru í fyrsta forgangi að mati stýrihópsins.

- Þá sýndi forgangsröðunin þörfina á að ráðast í endurbætur vegna Seljaskóla, Ölduselskóla, Norðlingaskóla, Breiðholtsskóla, Árbæjarskóla og Breiðagerðisskóla, auk þess að leysa úr húsnæðismálum skóla í Miðborg og Hlíðum (Austurbæjar-, Háteigs- og Hlíðaskóla), þar sem ólíkar sviðsmyndir eru uppi. Þessi verkefni eru í öðrum forgangi að mati stýrihópsins.

- Önnur verkefni sem hér eru nefnd koma áfram til álita enda kunna þau að raðast ofar í framtíðarforgangsröðun eftir því sem aðstæður breytast eða betri upplýsingar liggja fyrir.

Stýrihópurinn leggur til að þessi forgangsröðun verði höfð til hliðsjónar við gerð fjárfestingaráætlunar.

Viðauki:
Lykilstærðir í líkani

Niðurstaða – Félagsleg og fjárhagsleg stig skóla



Nemendafjöldi, þolmörk skóla og áætlaðar langtímastærðir skóla hafa aðallega áhrif á fjárhagslega þætti þar sem þær stærðir ráða áætlaðri stærð viðbygginga



Áætluð stærð viðbygginga og mat á endurnýjun skóla,* ræður miklu um áætlaðan kostnað við verkefnið og þar með fjárhagslega þáttinn í líkaninu*. Áætluð stærð viðbygginga kemur einnig inn í félagslega þætti líkansins.



* Byggir á frummati í öllum verkefnum til að gæta jafnræðis milli verkefna

Heildarstaða viðhalds skóla hefur áhrif á félagslega þætti líkansins og kemur inn í aldurs og ástands mælikvarðann

Skólar	Mat
Ingunnarskóli	4
Sæmundarskóli	4
Dalskóli	3
Rimaskóli	5
Borgarskóli	2
Víkurskóli	2
Melaskóli	7
Hlíðaskóli	6
Háteigsskóli	5
Langholtsskóli	6
Laugarnesskóli	8
Laugalækjarskóli	8
Réttarholtsskóli	8
Seljaskóli	6
Austurbæjarskóli	6
Norðlingaskóli	5
Fellaskóli	6
Ölduselsskóli	7
Breiðholtsskóli	6
Árbæjarskóli	5
Breiðagerðisskóli	6
Hagaskóli	9
Brúarskóli	5
Klettaskóli	2

MATSKVARÐI
0 - Minniháttar viðhaldsþörf
2 - Minniháttar viðhaldsþörf almennt, en einstaka þáttur þarfnast stærra viðhalds, en hefur ekki áhrif á skólastarf og líðan nemanda
3 - Minniháttar viðhaldsþörf almennt, en fleiri þættir þurfa stærra viðhalds, en hefur ekki áhrif á skólastarf og líðan nemenda
5 - Meiriháttar viðhaldsþörf á einstaka svæðum, ástand skóla á þeim svæðum er ekki enn farið að hafa áhrif á skólastarf og líðan nemenda en það verður síðar ef ekkert er ge
6 - Meiriháttar viðhaldsþörf á mörgum stöðum, er ekki enn farið að hafa áhrif á skólastarf og líðan nemenda en það verður síðar ef ekkert er gert
8 - Ástand hluta skólans ófullnægjandi - Skólahald ekki mögulegt í hluta skólans vegna ástands húsnæðis
10 - Ástand alls skólans ófullnægjandi - Skólahald ekki mögulegt í skólanum vegna ástands húsnæðis

Innbyrðis röðun skóla eftir félagslegum matsþáttum (skali -1 til +1)



intellecta

Ráðgjöf | Ráðningar | Rannsóknir